

sem þegar höfðu verið skilin við landareign á löglegan hátt, og ber því að sýkna stefnda einnig af þessari varakröfu stefnenda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda, en rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Jóhanns Guðjónssonar, Ragnars Pálssonar, Magnúsar Snorrasonar, Magnúsar Baldvinssonar, Þiðriks Baldvinssonar, Þorkels Teitssonar og Erlends Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 11. marz 1948.

Nr. 90/1947. **Réttvísín** (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Ingimundi Guðmundssyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að þar eð ákærði, sem ekki hefur verið refsað áður, átti að gæta reglu á samkomunni og framkoma Harðar Sigurjónssonar var ekki vítalaus, þykir rétt að refsing ákærða sé skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla laga nr. 19/1940, og falli hún niður að liðnum 5 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilyrði nefnds kafla laganna verða haldin.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ingimundur Guðmundsson sæti varðhaldi 20 daga. En fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að liðnum 5 árum frá uppsögn dóms

þessa, ef skilyrði VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 28. maí 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 28. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2070/1946: Réttvisin gegn Ingimundi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. apríl s. l., er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn ákærða, Ingimundi Guðmundssyni verkamanni, Flólagötu 1 hér í bæ, til refsingar og greiðslu skaðabóta og málskostnaðar, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1911. Hann hefur aldrei sætt kærú né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 4. nóvember var ákærði umsjónarmaður á dansleik, er haldinn var í Iðná þá um kvöldið. Á dansleik þessum voru Hörður Sigurjónsson járnsmiðanemi, Hverfisgötu 82, og félagi hans, Sverrir Jónatansson, Hólsvegi 15. Um kl. 1 um nóttina varð ákærði þess var, að nefndur Sverrir var kominn úr jakkanum inni í danssalnum, og sat þar á bekk ásamt Herði. Samkvæmt frásögn ákærða fór hann til Sverris og bað hann að fara í jakkann, en er Sverrir færðist undan því, tók ákærði í handlegg hans og ýtti honum á undan sér út úr húsinu. Bæði Hörður og Sverrir hafa við rannsókn málsins haldið því fram, að ákærði hafi, án þess að segja eitt orð, gengið að Sverri og tekið handlegg hans aftur fyrir bak og leitt hann þannig að útidyrnum og hrundið honum út.

Er ákærði hafði látið Sverri út, var Hörður Sigurjónsson einnig kominn að aðaldyrnum. Samkvæmt frásögn hans, hóf hann máls á því við ákærða, að félagi hans fengi að koma inn aftur, og hafði á orði að honum fyndist Sverrir sæta ómaklegri meðferð, en ákærði brást þá illa við og sagði „þú vilt þá fara sömu leiðina“, eða eitt-hvað á þá leið, og hóf ákærði Hörð því næst á loft og varpaði hon-

um út úr dyrunum, og féll Hörður við og hlaut við það meiðsli, svo sem síðar greinir. Ákærði hefur hins vegar sagt nokkuð öðruvísi frá. Segir hann, að Hörður hafi komið að og beðið um skýringu á því, að Sverri var kastað út, og er ákærði hafði sagt Herði að fást ekki um það, hafi Hörður haft í frammi verstu fúkyrði og kallað sig helvitis asna eða því um líkt. Kveðst ákærði því ekki hafa séð annað fært en að láta hann út. Segir ákærði, að Hörður hafi veitt sér mótspyrnu með því að taka í jakkahorn sitt, og er ákærði í dyragættinni ætlað að losa það tak, hafi Hörður spynt í hurðina, og hafi ákærði því mist tökin á Herði og hann fallið til jarðar.

Eina vitnið sem náðst hefur til og borið getur um viðureign þeirra ákærða og Harðar við dyrnar, er Benedikt Jón Benediktsson, sem var dyravörður í Iðnó á téðum dansleik. Kveðst hann hafa séð fyrst, er ákærði gekk til Sverris og fór með hann út, en hann kveðst ekki geta um það sagt, hvort nokkur orðaskipti urðu milli þeirra áður, þar eð hann stóð í nokkurri fjarlægð. Hann segir, að ákærði hafi ekki tekið handlegg Sverris aftur fyrir bak, heldur tekið í handlegg hans og leitt hann út, enda hafi Sverrir enga mótspyrnu veitt. Þá sá Benedikt Jón þegar ákærði lét Hörð út. Segir hann, að Hörður hafi fyrst haft orð á því ákærða, að Sverrir fengi að koma inn aftur, en ákærði hafi sagt honum að skipta sér ekki af því, og hafi hann sagt: „Hvers konar manntegund ert þú, að megí ekki tala við þig,“ eða eitthvað á þá lund, og hafi ákærði þá umsvifalaust hafið Hörð á loft og kastað honum út, og hafi Hörður þá fallið, en staðið rétt strax upp aftur. Hefur vitnið skýrt svo frá, að sér hafi virzt aðfarir ákærða nokkuð harkalegar.

Bæði Sverrir og Hröður hafa haldið því fram, að þeir hafi ekki verið undir áhrifum vins í umrætt skipti, en hafi hins vegar bragðað litils háttar áfengi, enda hafa ákærði og vitnið Benedikt Jón skýrt svo frá, að þeir hafi ekki séð vin á þeim, og vitnið Benedikt Jón tekið fram, að þeir hafi báðir verið stilltir og prúðir í framkomu.

Eins og áður segir, féll Hörður til jarðar, er ákærði kastaði honum út úr dyrunum. Að því er Hörður sjálfur segir, misti hann þá snöggvast meðvitund, en reis þó fljótlega upp aftur og reikaði út að veggnum, en hné þar niður. Þá fór Sverrir og náði í lögreglu aðstoð, en þá var Hörður kominn til meðvitundar aftur, og fór þegar til næturlæknis. Við athugun kom í ljós, að vinstri upp-handleggur Harðar var brotinn upp við axlarlið. Vegna meiðsla þessara varð Hörður algerlega óvinnufær fram í miðjan desember.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi talið sér fullheimilt að fjarlægja Hörð úr húsinu vegna tilefnislausra afskipta af starfi sínu og ókurteislegra ummæla hans við sig. Hann hefur og skýrt svo frá, að Hörður hafi veitt sér mótspyrnu með því að taka í jakkahorn sitt, og er hann hafi ætlað að losa takið, hafi Hörður

spyrnt í hurðina, og hafi hann við það misst tök þau, er hann hafði á Herði, og hafi Hörður fallið út úr dyrunum vegna þess. Hörður hefur neitað því, að hann hafi veitt nokkra mótspyrnu að öðru leyti en því, að hann kunni að hafa tekið eitthvað í jakka ákærða.

Það verður ekki á það fallið, að ákærði hafi haft heimild til að henda Herði út úr húsinu í umrætt skipti, þar eð hann hafi ekki haft í frammi þá hegðun, er réttlæti slíkt. Þá verður og að telja sannað, að aðfarir ákærða við verknað þenna hafi verið mjög ruddalegar, og meiðsli þau, er Hörður varð fyrir, verði að telja ákærða til sakar. Ber að heimfæra brot ákærða undir 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Hörður Sigurjónsson hefur gert þá kröfu, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér kr. 2500.00 í skaðabætur, og sundurliðar hann kröfu sína á þessa leið:

- | | |
|--------------------------------------|------------|
| 1. Fyrir læknishjálp | kr. 150.00 |
| 2. Fyrir vinnutap | — 250.00 |
| 3. Fyrir þjáningar og óþægindi | — 2100.00 |

Á kröfu þessa hefur ákærði ekki viljað fallast, með því að hann sé ekki skaðabótaskyldur í umræddu tilfelli, og þótt svo verði talið, hefur hann mótmælt kröfum þessum sem of háum.

Með tilliti til þess, er að framan greinir um refsíabýrgð ákærða, verður talið, að hann beri einnig að dæma til að greiða Herði Sigurjónssyni skaðabætur, og er þá að athuga um upphæð þeirra.

Um lið 1) er það að segja, að hann hefur ekki verið rökstuddur, og verður hann því eigi tekinn til greina.

Varðandi lið 2) hefur Hörður lagt fram vottorð frá vélsmiðjunni Héðni, þar sem hann vinnur sem lærlingur, um það að stöðvaðar hafi verið kaupgreiðslur til hans í 2 vikur. Kaup hans er þar talið 119.63 á viku. Ber samkvæmt því að dæma ákærða til að greiða Herði kr. 239.26 í bætur fyrir vinnutap.

Bætur fyrir þau atriði, er undir lið 3) eru talin, þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 1500.00.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma ákærða til að greiða Herði Sigurjónssyni kr. 1739.26 í skaðabætur.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ingimundur Guðmundsson sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Herði Sigurjónssyni, Hverfisgötu 82, kr. 1739.26 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 350.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1948.

Nr. 3/1947. **Bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Hrl. Lárus Jóhannesson)

gegn

H/f Shell á Íslandi

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Endurgreiðsla útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. janúar f. á., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í hæstarétti.

Tilgreint ákvæði 24. gr. útsvarslaganna er verklagsregla, sem sett er rikisskattanevnd. Brot þessarar reglu veldur ekki ónýti úrskurðar þess, sem rikisskattanevnd kveður upp. En ef skattanevndarmenn skeyta ekki reglunni, án þess að gildar ástæður réttlæti háttarni þeirra, getur það varðað þá viðurlögum sem brot í stjórnsýslu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h.